



Svar E 5/2023 - Skrifleg fyrirspurn um grænar siglingaleiðir

Spurning frá Ola Elvestuen, Kjell-Arne Ottosson og Simon Holmström til norrænu ríkisstjórnanna

Hvenær mega Norðurlönd búast við því að grænar siglingaleiðir verði teknar upp og hvað mun felast í því?

Með hvaða hætti stuðlar norrænt samstarf að því efla þróun endurnýjanlegra orkugjafa og innviða fyrir umskipti í siglingum?

Hvaða pólitísku stjórnþæki þurfa Norðurlönd að samræma til þess að flýta fyrir umskiptum í siglingum?

Sameiginlegt svar norrænu ríkisstjórnanna

Svarið er unnið í samstarfi við forverkefnið um Grænar siglingaleiðir á Norðurlöndum

Hvenær mega Norðurlönd búast við því að grænar siglingaleiðir verði teknar upp og hvað mun felast í því?

Á COP26, loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Glasgow 2021, undirrituðu mörg lönd Clydebank-yfirlýsinguna um að stuðla að þróun grænna siglingaleiða. Norræna ráðherranefndin samþykkti einnig yfirlýsingu vorið 2022 um að hefja forverkefni um grænar siglingaleiðir á Norðurlöndum. Forverkefnið var afhent og kynnt á fundi umhverfis- og loftslagsráðherranna á Íslandi 11. maí fyrr á þessu ári og veitir það yfirsýn yfir hugsanlegar grænar leiðir á Norðurlöndum. Í verkefninu var skoðuð 81 siglingaleið á Norðurlöndum, þar af voru sex leiðir valdar sem þóttu hafa sérstakar forsendur til þess að verða þær fyrstu sem ráðist yrði í. Í verkefninu var einnig leitað að hindrunum sem stóðu í vegi fyrir grænum leiðareinum á þessum leiðum og reyndust helstu áskoranirnar vera þrjár. Þær eru fjármögnun, skortur á aðgengi að losunarlausu eldsneyti og innviðum þess auk þess sem öryggisreglur vantar um notkun ammoníaks og vetnis á landi og um borð.

Afrakstur forverkefnisins verður nýttur að hluta í framtíðarsýnarverkefni sem snýst um gerð vegakorts yfir aðgengi að loftslagsvænu og losunarlausu eldsneyti til siglinga. Í verkefninu er einnig litið nánar á einkum vetni og ammoníak sem loftslagsvænt og losunarlaust eldsneyti til siglinga. Þar var unnin mikil vinna að þróun öryggisreglna varðandi notkun þessa eldsneytis. Norðurlöndin sendu afraksturinn fyrir sumarleyfi sem tillögu að upphafsskjali fyrir þróun regluverks hjá Alþjóðasiglingastofnun Sameinuðu þjóðanna (IMO). Í vegakortsverkefninu er einnig unnið að undirbúningi samstarfsvettvangs um að útfæra losunarlausar siglingar á Norðurlöndum. Markmiðið með vettvanginum er að hefja ýmis samstarfsverkefni um losunarlausar siglingar á Norðurlöndum og safna saman aðilum úr allri virðiskeðjunni frá orkuframleiðslu til dreifingar, útgerðum og skipafélögum, vélaframleiðendum, háskólaólki og opinberum aðilum. Síðasti áfangi vegakortsverkefnisins verður að meta nánar nýstárlegar leiðir til fjármögnunar á losunarlausum siglingum á Norðurlöndum.

Þeim hindrunum sem greindar voru í forverkefninu verður að hluta til fylgt eftir í vegakortsverkefninu. Um leið ber að undirstrika að norrænt samstarf getur liðkað fyrir



og lagt til þekkingu og reglugerðarramma sem þarf til að koma á grænum leiðareinum á Norðurlöndum en framkvæmdin verður að vera á höndum aðilanna í virðiskeðjunni.

Með hvaða hætti stuðlar norrænt samstarf að því efla þróun endurnýjanlegra orkugjafa og innviða fyrir umskipti í siglingum?

Í vegakortsverkefninu er unnið samnorrænt starf að því að gera loftslagsvænt og losunarlaust eldsneyti aðgengilegt til skipasiglinga. Í því felst innsýn og skilningur á aðstæðum, áskorunum, hindrunum og hugsanlegum lausnum. Eitt meginmarkmið vegakortsverkefnisins er að afrakstur þess muni nýtast í verki og þeirri vinnu sem framundan er.

Eitt dæmi um það er sú vinna sem unnin hefur verið í vegakortsverkefninu að því að þróa öryggisreglur um notkun ammoníaks sem eldsneytis í skipum en þær munu nú nýtast innan vébanda Alþjóðasiglingastofnunar Sameinuðu þjóðanna.

Annað dæmi um árangur er forkönnun um Grænar leiðareinar fyrir siglingar en hún nýttist við undirbúning samstarfsvettvangsins. Viðeigandi aðilum verður boðin þátttaka í grænum umskiptum þeirra leiða sem valdar voru og þeir eru hvattir til að hefja samstarf með það fyrir augum að gera leiðarnar kolefnislausar. Í verkefninu verða enn fremur kannaðar nýstárlegar fjármögnunarleiðir til að ryðja úr vegi þeim fjármögnunarhindrunum sem bent hefur verið á.

Hvaða pólitísku stjórnþæki þurfa Norðurlönd að samræma til þess að flýta fyrir umskiptum í siglingum?

Meðal þess sem kemur í veg fyrir græn umskipti í siglingum á Norðurlöndum og þarf að leysa ber helst að nefna þörf fyrir öryggisreglur, uppbyggingu innviða fyrir aðgang að loftslagsvænu eldsneyti og fjármögnunarleiðir.

Með nánú samstarfi um afnám þessara hindrana, bæði norrænu samstarfi um alþjóðlegar öryggisreglur fyrir loftslagsvænt eldsneyti til siglinga hjá Alþjóðasiglingamálastofnun SP en einnig samráði um aðrar hindranir í regluverki svo og samstarfi um hugsanlegar lausnir á fjármögnunarhindrunum og með því að hraða uppbyggingu innviða fyrir loftslagsvænt eldsneyti verður hægt að auka hraðann í umskiptum í siglingum.

Skriflegu fyrirspurninni telst hér með svarað.